

1. Fundur Umhverfisnefndar Rangárpings ytra 2014-2018.

1. Fundur Umhverfisnefndar haldinn 14. Júlí 2014 klukkan 10, að Suðurlandsvegi 1-3.

Mættir: Anna María Kristjánsdóttir, Hjalti Tómasson, Lilja Þrúðmarsdóttir, Borghildur Kristinsdóttir og Sigdís Oddsdóttir.

1. Kosning varaformanns, Hjalti Tómasson.
2. Kosning ritara, Borghildur Kristinsdóttir
3. Umræður um tillögur að umhverfisverðlaunum, margar tillögur bárust okkur og ákvað nefndin að fara í ferðalag saman og skoða sig um í sveitarfélaginu.
4. Birgir mætir á fundinn og kynnir fyrir okkur styrkveitingar: 5 millj, styrkur fyrir göngustíga á milli fossa, 2 millj, við útsýnispall við Ægissíðufoss, 2 millj, í friðland að fjallabaki, Þjófafoss 2,2 millj, og svo Fossabrekkur 2 millj. Næsta skref er að búa til framkvæmdaáætlun og fá Elínu hjá Landnotum til að koma með tillögur. Ljóst er að hafa þarf samráð við landeigendur áður en til framkvæmda kemur. Eftir miklar umræður við Birgi, þá er nokkuð ljóst að þetta á eftir að vera nefnd sem mun koma að mörgum málum. Erindisbréf þarf að verða klárt hið fyrsta, sem og náttúru – og auðlindastefna.
5. Beiðni um að sveitarstjórn samþykki að fulltrúi Umhverfisnefndar fái að sækja samráðsfundi um Staðardagskrá 21.
6. Hér er nefndin farin í skoðunarferð.

Fundi slitið kl. 12.00, og þá leggjum við í ferðalagið.

Anna María Kristjánsdóttir
Hjalti Tómasson
Lilja Þrúðmarsdóttir
Sigdís Oddsdóttir
Borghildur Kristinsdóttir